



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
8.03.23	17:00	Lögberg 101	9.
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Rebekka Karlsdóttir	Guðmundur Ásgeir Guðmundsson		8.3.23
Fundaraðilar mættir			
<b><u>Félagsvísindasvið:</u></b>			
Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir (Röskva)			
Viktor Ágústsson (Röskva)			
Diljá Ingólfssdóttir (Röskva)			
Jón Ingvi Ingimundarsson fyrir Elías Örn Torfason (Röskva)			
<b><u>Heilbrigðisvísindasvið:</u></b>			
Dagný Þóra Óskarsdóttir (Röskva) ( <i>teams</i> )			
Styrmir Hallsson fyrir Sigríði Helgu Kárdal Ásgeirsdóttur (Röskva)			
Andri Már Tómasson (Röskva)			
<b><u>Hugvísindasvið:</u></b>			
Rakel Anna Boulter (Röskva)			
Magnús Orri Aðalsteinsson (Röskva)			
<b><u>Menntavísindasvið:</u></b>			
Bergrún Anna Birkisdóttir (Vaka)			
Auður Eir Sigurðardóttir (Röskva)			
<b><u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u></b>			
Brynhildur R. Þorbjarnardóttir (Röskva)			
Sigurbjörg Maggi Snorrason (Röskva)			
Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir fyrir Dagmar Óladóttur (Röskva)			
<b><u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u></b>			
Rebekka Karlsdóttir, forseti SHÍ			
Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti SHÍ			
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari)			
Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ			
Ingunn Stefánsdóttir, hagsmunafulltrúi curators			
Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:			
<b><u>Félagsvísindasvið:</u></b> Dagur Kárason (Vaka)			
<b><u>Hugvísindasvið:</u></b> Draumey Ósk Ómarsdóttir (Röskva)			
<b><u>Menntavísindasvið:</u></b> Ísak Kárason (Röskva)			



Stúdentaráð Háskóla Íslands

## Fundardagskrá

**Fundur Stúdentaráðs 8. mars í stofu L-101 kl. 17:00**

1. Fundur settur 17:00  
*Meeting begins*
2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05  
*Vote/approval on minutes from last meeting*
3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:20  
*Announcements and issues ahead*
4. Kynning á verkefninu Sprettur 17:20 - 17:35  
*Presentation on the Sprettur project*
5. Kynning á fjarnámi við HÍ 17:35 - 17:55  
*Presentation on distance learning at UnI*
6. Hlé 17:55 - 18:05  
*Intermission*
7. Tillaga um skipan þingfulltrúa á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta (atkvæðagreiðsla)  
*Proposal for the appointment of SC's representatives at the National Assembly of the National Union of Icelandic Students*
8. Lagabreytingartillögur á lögum Stúdentaráðs 18:15-19:00 (atkvæðagreiðsla)  
*Proposals for legislative changes for SC's laws. (vote)*
9. Önnur mál  
*Other issues*
10. Bókfærð mál  
*Recorded issues*
11. Fundi slitið  
*Meeting adjourned*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

1. Fundur settur 17:00

*Meeting begins*

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

*Vote/approval on minutes from last meeting*

- a. Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar. Séu Stúdentaráðsliðar með athugasemdir skal senda á [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is) fyrir fund svo framkvæmdastjóri geti tekið það til greina. Einnig má koma með athugasemdir á fundinum.
- b. Fundargerð má finna í fundargögnum.
- c. Einróma samþykkt með 14 atkvæðum

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:20

*Announcements and issues ahead*

- a. Forseti fer yfir helstu tilkynningar og mál á döfinni
  - i. **Samráðsfundur með ráðherra:** fór fram á staðnum í fyrsta skipti á þessu starfsári þann 21. febrúar sl. Þegar ráðherra bauð okkur í heimsókn í ráðuneytið. Gafst þar færi á gott samtal við ráðherra sem var góð tilbreyting frá þessum vanalegu háltímalöngu fjarfundum sem vanalega eru.
  - ii. **Flutningur í Sögu:** Miðlægi starfshópurinn fundaði seinast 16. febrúar og fulltrúar stúdenta funduðu með hollensku sérfræðingunum mánudaginn 20. febrúar. Farið yfir helstu fréttir af þeim fundum og stöðuna á framkvæmdum á Sögu. *Við höfum áhyggjur að viðhorf og áherslur stúdenta nái ekki fram en Forseti og Auður halda áfram að berjast fyrir því.*
  - iii. **Kjörstjórn:** Hefur auglýst tilhögun kjörfundar, framboðsfrest og fleira. Þau hafa sett sér verklagsreglur og útfært nánari reglur skv. 33. gr. laga Stúdentaráðs. *Forseti minnir á að best væri að hafa beint samband við kjörstjórn ef það eru einhverjar spurningar sem snerta kosningar.*
  - iv. **Sambandsþing LUF:** Fór fram 25. febrúar sl. og voru fulltrúar SHÍ á þinginu Rebekka og Brynhildur.
  - v. **Herferð Stúdentaráðs:** Mun fara í loftið núna mánudaginn 6. mars og standa í 5 daga, upplýsingaflæði til Stúdentaráðsliða verður á Facebook hópnum, mikilvægt að við tökum öll virkan þátt í að vekja athygli á herferðinni. Forseti fer nánar yfir stöðu mála á herferðinni. *Myndböndin töfðust aðeins þar sem að skjölin eyddust en nú er þetta allt komið á ról og mun mögulega teygja sig inn í helgina. Forseti*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

*hvetur til áframhaldandi vitundarvakningar og deilingar á samfélagsmiðlum. Eftir ríkisstjórnarfundinn munum við svo afhenda útarlegar kröfur til ráðherra. Fengum ágæta umfjöllun í fjölmiðlum. Fáninn hefur ekki komist upp enn þá en þælingin er að flagga honum á föstudaginn eftir ríkisstjórnarfundinn.*

- vi. **3. tölublað Stúdentablaðsins:** kom út 1. mars sl. og var þema blaðsins umhverfið. Í tilefni af útgáfu blaðsins stóð ritstýra ásamt Gaia, nemendafélagi nema í umhverfis- og auðlindafræði fyrir málþingi á Litla torgi. *Frábært framtak og þetta spilaði allt vel saman.*
- vii. **Fundur við rektor** – *Rakel Anna og Rebekka fengu að hafa eftir Rektor að gjaldskylda komi ekki á nema að stúdentar fái eitthvað á móti. Forseti útrekar að þessir fundir eigi sér stað tvívikulega og að hún tali röddu stúdenta – séu það einhver málefni sem stúdentaráðsliðar vilja koma á framfæri, er hægt að koma því á framfæri í gegnum hana.*
- viii. **Staðan á ýmsum verkefnum á skrifstofunni:** Forseti fer yfir stöðuna á helstu verkefnum á skrifstofunni.
- ix. **Viðburðadagatal:** Forseti minnir á viðburðadagatal SHÍ og fer yfir helstu viðburði framundan.
  - 1. Fyndnasti háskólaneminn á morgun.
  - 2. Heilsudagurinn (HVS) var í dag. Gekk mjög vel. Blóðbankabíllinn og Krabbameinsfélagið mætti.
  - 3. Viðburðurinn Ryðjum veginn var haldinn sl. fimmtudag. Sviðsráð VoN hélt þetta til að vekja athygli á tækifæri kvenna í verk- og náttúrufræðum og fengu til sín sterkar kvenfyrirmyndir til að halda erindi. Heppnaðist mjög vel
- x. **Stjórn Stúdentaráðs** Fundaði þann 1. mars sl. og fór yfir þau málefni sem farið var yfir hér að ofan, stöðuna hjá hverju sviðsráði fyrir sig og málefni næsta Stúdentaráðsfundar.

#### 4. Kynning á verkefninu Spretur 17:20 - 17:35

- a. Nílsína Larsen Einarsdóttir (*hún*) og Sabrina Rosazza (*hún*), Verkefnisstjóri Spretts kemur og kynnir verkefnið fyrir okkur.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- b. [Sprettur](#) er verkefni á kennsluviði Háskóla Íslands. Sprettur styður og undirbýr nemendur með innflytjendabakgrunn til háskólanáms. Mentorahlutverkið sérstaklega innan Sprettis sérstaklega kynnt sem nú verður einingabært námskeið í boði fyrir stúdenta og verður auglýst núna í mars.
  - c. *Umræður og spurningar má nálgast í upptöku.*
  - d. Stúdentaráð þakkar fyrir góða kynningu með lófataki.
5. Kynning á fjarnámi við HÍ 17:35 - 17:55
- a. Hólmfríður Árnadóttir (*hún*) deildarstýra Kennslumiðstöðvar HÍ og Verkefnisstýra fjarnáms við HÍ kynnr stöðuna á fjarnámi við HÍ.
  - b. Í stefnu HÍ er talað um að standa að fjarnámi og staðnámi að bestu gerð og hluti af því er að auka sérfræðiþekkingu á fjarnámi innan skólans. Aðgengilegar upplýsingar um fjarnám fyrir nemendur og kennara, fjármagn og faglegur stuðningur til deilda við þróun fjarnáms, fjölgun námsleiða í fjarnámi og aukinn sýnileiki og markaðssetning fjarnáms eru allt mikilvægir þættir. Núna erum við stödd í næst seinasta fasanum – hönnun námsleiða og markaðsetning. Ítrekar að þetta yrði gæðafjarnám – ekkert staðnámsbull í einum tveimur áföngum. Hægt að ganga að því vísu að allt sé í fjarnámi. Nú verður auðveldara að velja að fara bara í fjarnám. Allt námsefni á að vera aðgengilegt í Canvas og hvetja til virkrar þátttöku. Mikilvægt að horfa til þess þegar að fjarnám er annars vegar – ekki bara streymi – vandað efni. Fjölbreytt rými þar sem þarfir nemenda eru í öndvegi – svo verður tæknin að funda! Skilgreining fjarnáms – fjarnáms með staðlotum. Fjarnám en stundum er staðlota – viss staður á vissri stund. Fjarnáms með netfundum – hvar sem er í heiminum en þú þarft að mæta online á vissum kennslustundum. Netnám – án allrar rauntíma viðveru – það er umsjónarkennari en annars er það á ábyrgð nemenda hversu hratt og mikið þau læra. Hverjir eru mælikvarðar árangurs? Fjármagn t.d. tækjakaup og fjölda kennara. Svo ánægjukannanir nemenda og kennara. Svo fjöldi nemenda sem skrá sig í fjarnám – verður breyting? Við viljum að HÍ verði fyrsti kostur þegar að fólk vill fara í fjarnám. Þetta á að vera fyrir öll hvort sem þau búa í Grafarholti eða Vesturbæ.
  - c. *Umræður og spurningar má nálgast á upptöku*
6. Hlé 17:55 - 18:05
7. Tillaga um skipan þingfulltrúa á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta (*atkvæðagreiðsla*) 18:05 - 18:15
- Proposal for the appointment of SC's representatives at the National Assembly of the National Union of Icelandic Students*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- a. Forseti fer yfir tillögu skrifstofunnar um skiptingu þingfulltrúa milli fylkinga. Tillögu er að finna í fundargögnum ásamt útreikningum að baki skiptingu þingfulltrúa á milli fylkinga.

8.mars 2023

## T I L L A G A

### um skipan þingfulltrúa á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta

Stúdentaráð fær 13 fulltrúa á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) og er hér lagt til að þeim þingfulltrúum verði skipt á eftirfarandi máta:

Skrifstofa Stúdentaráðs: 3 fulltrúar

Stúdentaráðsliðar: 10 þingfulltrúar í hlutfalli við niðurstöðu kosninga

Aðalfulltrúar í Stúdentaráði munu hafa forgang í skráningu en varafulltrúar geta einnig sótt um. Þá mun reglan um að fjöldi stúdentaráðsliða séu í hlutfalli við niðurstöðu kosninga einnig vera forgangsregla. Ef ekki næst skráning hjá annarri fylkingu upp í sína fulltrúa mun SHÍ leitast eftir því að manna sætin með öðrum meðlimum innan Stúdentaráðs sem áhuga hafa.

### Rökstuðningur

Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) verður haldið **29. mars – 1. apríl** nk. Þar koma aðildarfélög LIÍS saman og eiga öll sína þingfulltrúa. Þingfulltrúar hafa málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisrétt á þinginu. Þingfulltrúum er skipt eftir fjölda stúdenta í hverju aðildarfélagi og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær 13 þingfulltrúa í ár.

Að hafa forgangsreglu til staðar um að þingfulltrúar séu í hlutfalli við kosningu er hugsuð til að tryggja aðkomu beggja fylkinga að þinginu, sem og að tryggja að SHÍ manni öll sætin.

Verði tillagan samþykkt mun skráningarskjal fara í loftið strax í kjölfarið og reglan *fyrstur kemur, fyrstur fær* verður við gildi. Þá er ítrekað að aðalfulltrúar hafa forgang og þar næst á eftir varafulltrúar. Náist hins vegar ekki að manna sætin með aðal- og varafulltrúum geti aðrir sem embætti gegna innan Stúdentaráðs hafa kost á því að skrá sig.

*Flutningsaðili: Skrifstofa Stúdentaráðs*

- b. Mælendaskrá opin

- c. **Atkvæðagreiðsla. Atkvæðin skiptast á eftirfarandi hátt**



Stúdentaráð Háskóla Íslands

11 samþykkt.

3 sátu hjá (*Rakel Anna, Andri Már og Jón Ingvi*)

8. Lagabreytingartillögur á lögum Stúdentaráðs 18:15-19:00 (*atkvæðagreiðsla*)

a. *Tillöguberar (Rebekka og Lilja) flytja næstu fjórar tillögurnar.*

*Breytingar vegna jafnréttisnefndar: 7.gr. og 21.gr.*

*7.gr.:tillagan einróma samþykkt með 14 atkvæðum*

*21.gr.:tillagan einróma samþykkt með 14 atkvæðum*

*Breytingar vegna nýrra tíma: 25.gr. og 37.gr.*

*25.gr.:tillagan einróma samþykkt með 14 atkvæðum*

*37.gr.:tillagan einróma samþykkt með 14 atkvæðum*

b. *Tillöguberar (Dagmar og Maggi) flytja næstu tillögu*

*Ný lög um Grænifánanefnd, undirnefnd Umhverfis- og samgöngunefndar*

*1.másl. ix. tl. a. liðar 19. Gr.:tillagan einróma samþykkt með 14 atkvæðum*

9. Önnur mál 19:00 - 19:10

*Other issues*

Ekkert annað mál borið upp á fundinum.

10. Bókfærð mál

a. Nýr fulltrúi í kjörstjórn.

i. *Kamila Antonina segir sig úr kjörstjórn og í hennar stað kemur Ragnar Þór Snæland.*

*Dagur Kárason, oddviti Vöku*

11. Fundi slitið



Stúdentaráð Háskóla Íslands